

Austurbrú ses.
Ársreikningur 2020

Austurbrú ses.
Tjarnarbraut 39e
700 Egilsstaðir

Kt. 640512-0160

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymisyfirlit	7
Skýringar	8

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Austurbrú sjálfseignarstofnun (ses) er stofnuð á grunni Þekkingarnets Austurlands, Þróunarfélags Austurlands, Markaðsstofu Austurlands og Menningarráðs Austurlands. Stofnfundur stofnunarinnar var þann 8. maí 2012 og tók Austurbrú ses., þann 1. júní 2012 yfir starfsemi, eignir og skuldbindingar þessara stofnana og féлага og daglegan rekstur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA).

Tilgangur Austurbrúar ses. er að vinna að hagsmunamálum íbúa, sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja á Austurlandi og veita samræmda og þverfaglega þjónustu tengda atvinnulífi, menntun og menningu. Austurbrú ses. er í forsvari fyrir þróun atvinnulífs, samfélags, stjórnsýslu háskólanáms, símenntunar, rannsókna, þekkingar- og menningarstarfs á Austurlandi.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur stofnunarinnar 458,3 millj. kr. á árinu. Rekstrarniðurstaða var jákvæð um 23,6 millj. kr á árinu. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir stofnunarinnar 191,2 millj. kr. og eigið fé í árslok var jákvætt sem nam 67,0 millj. kr. Skuldir og skuldbindingar nema 124,2 millj. kr. og þar af nema skammtímaskuldir 120,3 millj. kr.

Í ársreikningnum eru upplýsingar um mat á helstu eignum stofnunarinnar og er vísað til ársreikningsins um ráðstöfun rekstrarniðurstöðu og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stofnfé Austurbrúar ses. er 1,6 millj. kr. og skiptist upphaflega á þrjátíu og tvo stofnendur sem hver um sig lagði fram 50 þús. kr. stofnframlag. Frá stofnun hefur stofnaðilum fækkað með sameiningum þeirra og erum í árslok þrjátíu talsins.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyra stofnendum hennar.

Covid-19 heimsfaraldurinn sem nú geisar hefur haft veruleg áhrif á mörgum sviðum þar með talið efnahagsleg og ekki er ljóst hver endanleg áhrif faraldursins verða, s.s. vegna óvissu um hve lengi hann mun vara og hver áhrifin verða eftir að honum lýkur. Það er mat stjórnenda að áhrif faraldursins á rekstur Austurbrúar og rekstrarhæfi séu óveruleg.

Stjórn og framkvæmdastjóri Austurbrúar ses hafa í dag rætt ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2020 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Ársreikningur þessi var samþykktur á stjórnarfundum þann 25. maí 2021 og undirritaður með rafrænum hætti.

Stjórn:

Einar Már Sigurðarson
Hildur Þórisdóttir
Gauti Jóhannesson
Pálína Margeirsdóttir
Sigríður Bragadóttir
Sæunn Stefánsdóttir
Þráinn Lárusson

Framkvæmdastjóri:

Jóna Árný Þórðardóttir

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eigenda Austurbrúar ses.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Austurbrúar ses. („félagið“) fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2020 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggrri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Egilsstöðum, 31. maí 2021.

KPMG ehf.

Magnús Jónsson

Rekstrarreikningur árið 2020

	Skýr.	2020	2019
Rekstrartekjur			
Framlög		187.109.190	181.229.688
Aðrar tekjur	10	271.162.926	246.728.563
		<u>458.272.116</u>	<u>427.958.251</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	11	276.380.853	250.554.568
Annar rekstrarkostnaður		156.088.391	150.909.493
Afskriftir	12	4.311.372	4.850.301
		<u>436.780.616</u>	<u>406.314.362</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		21.491.500	21.643.889
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		2.183.020	3.526.770
Vaxtagjöld		(41.348)	(754.002)
		<u>2.141.672</u>	<u>2.772.768</u>
Rekstrarniðurstaða ársins	15	<u>23.633.172</u>	<u>24.416.657</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr.	2020	2019
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	12	5.972.722	8.235.949
Stofnframlög og eignarhlutir í félögum	13	340.000	340.000
Fastafjármunir		<u>6.312.722</u>	<u>8.575.949</u>
Viðskiptakröfur	14	19.598.557	37.707.483
Aðrar skammtímakröfur		8.046.736	4.922.500
Handbært fé	7	157.226.115	155.370.590
Veltufjármunir		<u>184.871.408</u>	<u>198.000.573</u>
Eignir samtals		<u><u>191.184.130</u></u>	<u><u>206.576.522</u></u>
Eigið fé			
Stofnfé		1.600.000	1.600.000
Óráðstafað eigið fé		65.359.965	41.726.793
Eigið fé	15	<u>66.959.965</u>	<u>43.326.793</u>
Skuldir			
Skuldbinding vegna vaxtasamnings Austurlands		3.903.095	3.903.095
Langtímaskuldir		<u>3.903.095</u>	<u>3.903.095</u>
Viðskiptaskuldir		37.527.821	39.021.505
Fyrirframinnheimtar tekjur		47.439.174	78.283.568
Aðrar skammtímaskuldir		35.354.075	42.041.561
Skammtímaskuldir		<u>120.321.070</u>	<u>159.346.634</u>
Skuldir samtals		<u>124.224.165</u>	<u>163.249.729</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>191.184.130</u></u>	<u><u>206.576.522</u></u>

Sjóðstreymisyfirlit árið 2020

	Skýr.	2020	2019
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarniðurstaða ársins	15	23.633.172	24.416.657
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	12	4.311.372	4.850.301
Veltufé frá rekstri		<u>27.944.544</u>	<u>29.266.958</u>
 Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		14.984.690	(14.767.790)
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun		(39.025.564)	14.016.826
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		<u>(24.040.874)</u>	<u>(750.964)</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>3.903.670</u>	<u>28.515.994</u>
 Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	12	(2.048.145)	(4.344.584)
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(2.048.145)</u>	<u>(4.344.584)</u>
 Hækkun á handbæru fé		 1.855.525	 24.171.410
 Handbært fé í ársbyrjun		 <u>155.370.590</u>	 <u>131.199.180</u>
 Handbært fé í árslok		 <u>157.226.115</u>	 <u>155.370.590</u>

Skýringar

1. Stofnunin

Austurbrú er sjálfseignarstofnun (ses) sem stofnuð á grunni þekkingarnets Austurlands, Þróunarfélags Austurlands, Markaðsstofu Austurlands og Menningarráðs Austurlands.

Stofnunin starfar á grundvelli skipulagsskrár sem samþykkt var á stofnfundi þann 8. maí 2012 og ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyra stofnendum hennar.

Reikningsskilaaðferðir

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

3. Innlausn tekna

Tekjur af framlögum eru færðar í rekstrarreikning í samræmi við samninga stofnunarinnar við ríki, sveitarfélög og aðra aðila. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu á uppgjörstegi.

4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisryrnun. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Bifreiðar	3 - 5 ár
Skrifstofubúnaður	3 - 4 ár

5. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Stofnframlög og eignarhlutir í félögum eru færðir á kostnaðarverði, að frádreginni virðisryrnun, ef við á.

6. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapsáhættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

7. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

8. Fyrirframinnheimtar tekjur

Fyrirframinnheimtar tekjur vegna samningsbundinna verkefna námu 47,4 millj. kr. í árslok 2020 og er sú fjárhæð færðar meðal skammtímaskulda.

9. Framlög

Framlög greinast þannig:	2020	2019
Framlög frá Ríkissjóði Íslands til menntamála	92.680.000	92.507.850
- Grunnframlag	59.800.000	58.200.000
- Viðbótarframlag	30.000.000	30.000.000
- Sérstök úthlutun úr símenntunarpotti	0	4.307.850
- Sérstök úthlutun til háskólamála	2.880.000	0
Framlög frá Byggðastofnun	27.646.004	27.813.996
Framlög frá Ferðamálastofu	26.089.009	33.980.000
Framlög frá sveitarfélögum	40.694.177	26.927.842
Framlög samtals	187.109.190	181.229.688

Skýringar

10. Aðrar tekjur

Aðrar tekjur greinast þannig:	2020	2019
Tekjur vegna háskóla og rannsókna	21.512.405	23.229.521
Tekjur vegna símenntunar	68.660.307	83.147.226
Tekjur vegna atvinnuþróunar og markaðsmála	85.174.741	49.838.557
Tekjur vegna sóknaráætlunar og sjóða	51.509.630	47.498.276
Tekjur vegna umsýslu SSA og SV-Aust	34.736.053	33.265.166
Aðrar tekjur	9.569.790	9.749.817
Aðrar tekjur samtals	<u>271.162.926</u>	<u>246.728.563</u>

11. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2020	2019
Laun	229.228.299	196.653.889
Mótframlag í lífeyrissjóð	30.575.648	25.973.580
Önnur launatengd gjöld	22.593.863	20.471.387
Áfallið orlof, breyting	(8.711.082)	1.854.465
Annar starfsmannakostnaður	2.694.125	5.601.247
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>276.380.853</u>	<u>250.554.568</u>
Fjöldi starfsmanna í árslok	28,0	27,0
Fjöldi stöðugilda í árslok	26,4	25,1
Ársverk	26,2	23,7
Laun og launatengd gjöld framkvæmdastjóra og stjórnar	30.676.123	24.033.906

12. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir félagsins greinast þannig:

	Bifreiðar	Skrifstofu- búnaður	Samtals
Heildarverð 1.1.2019.....	8.850.000	15.793.081	24.643.081
Viðbót á árinu	1.600.000	2.744.583	4.344.583
Heildarverð 31.12.2019.....	10.450.000	18.537.664	28.987.664
Viðbót á árinu	0	2.048.145	2.048.145
Selt á árinu	0	(4.322.732)	(4.322.732)
Heildarverð 31.12.2020.....	10.450.000	16.263.077	26.713.077
Afskrifað samtals 1.1.2019.....	5.398.400	10.503.014	15.901.414
Afskriftir ársins	2.000.500	2.849.801	4.850.301
Afskrifað samtals 31.12.2019.....	7.398.900	13.352.815	20.751.715
Afskriftir færðar út við sölu	0	(4.322.732)	(4.322.732)
Afskriftir ársins	1.305.300	3.006.072	4.311.372
Afskrifað samtals 31.12.2020.....	8.704.200	12.036.155	20.740.355
Bókfært verð 31.12.2019.....	3.051.100	5.184.849	8.235.949
Bókfært verð 31.12.2020.....	1.745.800	4.226.922	5.972.722
Afskriftahlutföll	20%-33%	25%-33%	

Skýringar

13. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Stofnframlög og eignarhlutir í félögum greinast þannig:

	2020	
	Nafnverð	Bókfært verð
Þekkingarsetur, stofnframlag	200.000	200.000
Gunnarsstofnun, stofnframlag	140.000	140.000
Starfsendurhæfing Austurlands	0	100.000
Niðurfærsla eignahluta	0	(100.000)
	<u>340.000</u>	<u>340.000</u>

14. Niðurfærsla viðskiptakrafna

Niðurfærsla viðskiptakrafna greinist þannig:

	2020	2019
	Niðurfærsla í ársbyrjun	3.212.587
Gjaldfærð niðurfærsla á árinu	(144.336)	1.564.493
Niðurfærsla í árslok	<u>3.068.251</u>	<u>3.212.587</u>

15. Yfirlit eiginfjárreikninga

	Stofnfé	Óráðstafað	Samtals
		eigið fé	
Eigið fé 1.1.2019.....	1.600.000	17.310.136	18.910.136
Hagnaður ársins		24.416.657	24.416.657
Eigið fé 31.12.2019.....	1.600.000	41.726.793	43.326.793
Hagnaður ársins	0	23.633.172	23.633.172
Eigið fé 31.12.2020.....	1.600.000	65.359.965	66.959.965

16. Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í stjórn stofnunarinnar auk æðstu stjórnenda eru skilgreindir sem tengdir aðilar stofnunarinnar. Makar þessara aðila og ófjarráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.